

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 19. september kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir (á Teams), Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir (á Teams), Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 3. lið; frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Arnar Þór Sævarsson, Saga Guðmundsdóttir, Helga María Pálsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Gestur fundarins undir 12. lið; Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

8. september

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 8. september 2025.

Fundargerð frá 8. september 2025 var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2026

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2026 sem byggir á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 1.365,9 ma.kr. á árinu 2026 og áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2025 verði 2.791 ma.kr. vegna tekna úr ríkissjóði. Álagningarstofn útsvars vegna tekna 2026 er áætlaður 2.915 ma.kr. vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks.

3. Samband íslenskra sveitarfélaga

Arnar Þór Sævarsson fór yfir stefnumörkun Sambandsins í málaflokki fatlaðs fólks, þar á meðal ábyrgðarskiptingu og heildarstefnu. Hann gerði grein fyrir mikilvægu hlutverki Sambandsins í samhæfingu gagnvart sveitarfélögum landsins. Þá kom einnig fram í máli hans, að mikilvægt væri að efla þetta hlutverk Sambandsins með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta rekstur í sífellt

umfangsmeiri málaflokk. Jafnframt kom fram að mikil samvinna væri af hálfu Sambandsins við hagsmunaaðila m.a. ÖBÍ og Þroskahjálpi og að mikilvægt væri að efla samtalið við hagsmunaaðila í málflokknum.

4. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs 2025

Drög

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Á árinu 2024 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins neikvæður um 266,9 m.kr. samanborið við 835,6 m.kr. í neikvæðan afgang árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.490,4 m.kr., skuldir 8.163 m.kr. og eigið fé nam 327 m.kr.

5. Útgjaldajöfnunarframlög 2025

Enduráætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2025, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 16.775 m.kr.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 16.200 m.kr. í A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Í lok árs verður svo 225 m.kr. til viðbótar úthlutað í B-hluta þ.e. 175 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 17.000 m.kr. á árinu 2025.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2025.
- Fjöldi nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2025.
- Upplýsingar um fjölda byggðakjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2025.
- Upplýsingar um fjölda íbúa sveitarfélaga 1. janúar 2022, 2023, 2024 og 2025 vegna íbúafækkunar- fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2025 vegna tekjuskerðingar.

Hagstofa Íslands er nú á ljúka endurskoðun á aðferð við mat á byggðakjörnum og þéttbýlisstöðum. Eina breyting milli áætlana 2 og 3 er sú að áætlun 3 hefur verið uppfærð miðað við fjölda byggðakjarna og íbúa í þéttbýli 1. janúar 2025.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætlun útgjaldaframlög fyrir árið 2025 að fjárhæð 16.775 m.kr.

6. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Fyrsta áætlun framlaga 2026

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða árið 2026. Á grundvelli laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga úthlutar Jöfnunarsjóður framlagi til þeirra sveitarfélaga sem bjóða nemendum í grunnskólum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4.021 m.kr. vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða á árinu 2026.

7. Framlög vegna skólaaksturs 2025

Áætlun framlög

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2026, sbr. 5. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025. Þrátt fyrir að hafa tilheyrt útgjaldajöfnunarframlögum áður, eru framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli ekki hluti af nýju jöfnunarlíkani Jöfnunarsjóðs. Framlögin eru hluti af sérstökum framlögum Jöfnunarsjóðs og ekki tekjuskert hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög.

Útreikningur framlaganna byggist á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem búa lengra en 3,0 km frá skóla. Útreikningur framlaganna tekur mið af lengstu akstursvegalengd á hverri leið frá heimili að skóla, fjölda barna, stærð ökutækis og fjölda skóladaga á árinu.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að á árinu 2026 komi til úthlutunar 625 m.kr. vegna skólaaksturs úr dreifbýli, sem greiddar verða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Til viðbótar koma 175 m.kr. í lok árs 2026 á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur

úr dreifbýli á árinu 2026 umfram tekjur. Jafnframt er áætlað að 25 m.kr. verði úthlutað á árinu 2026 vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Áður voru framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli hluti af útgjaldajöfnunarframlögum og þau sveitarfélög sem höfðu hlutfallslega háar tekjur tekjuskert. Í ljósi þess að framlögin eru ekki lengur tekjuskert eiga sex sveitarfélög, sem síðustu ár hafa verið tekjuskert að fullu, nú rétt á framlagi. Þau sveitarfélög eru Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Bláskógabyggð.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli árið 2026 að fjárhæð 625 m.kr.

8. Almenn t jöfnunarframlag 2026

Fyrsta áætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun almennra jöfnunarframlaga fyrir árið 2026. Um er að ræða fyrstu áætlun samkvæmt nýju úthlutunarlíkani sjóðsins sem tekur við af útgjaldajöfnunar- tekjujöfnunar- og fasteignaskattsframlagi sjóðsins. Framlagið er reiknað samkvæmt nýjum lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025.

Fjárhæð framlaganna nemur 28.175 m. kr. en veita skal Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ sérstakt jöfnunarframlag vegna höfuðstaðarálags sem nemur 1% af heildarfjárhæð framlaganna eða 281,8 m. kr. Til almennrar úthlutunar renna því 27.893,3 m. kr. sem skipt er með nýju úthlutunarlíkani sbr. yfirlit sem lagt var fram á fundinum.

Höfuðstaðaaálag rennur til Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar og skiptist að 6/10 hlutum eftir íbúafjölda en 4/10 skiptist til helminga. Reykjavíkurborg fær því til úthlutunar 204,1 m. kr. og Akureyrarbær 77,7 m. kr.

Áætlunin byggir á útsvarsspá fyrir árið 2025 sem aftur byggir á staðgreiðsluskilum fyrstu mánaða ársins 2025. Er útsvarsspáin stærsti einstaki óvissuþátturinn varðandi áætlunina.

Helstu forsendur áætlunarinnar eru að öðru leyti:

- Fasteignaskattstofn sveitarfélaga 2026 (endanlegar forsendur).
- Íbúafjöldi 1.1.2025 í heild og eftir aldurshópum (endanlegar forsendur).

- Íbúafjöldi 2. ársfjórðungs vegna fjölgunar og fækkunar íbúa.
- Íbúafjöldi barna af erlendum uppruna m.v. 2025.
- Fjöldi byggðakjarna eftir nýjum reikniaðferðum Hagstofunnar m.v. 2025.
- Ýmsar landfræðilegar breytur svo sem vegalengdir milli útmarka sveitarfélags, innanbæjar vegna snjómoksturs.
- Hagkvæmni grunnskóla m.v. eldri áætlun (uppfært í síðari áætlunum).

Gert er ráð fyrir því að áætlunin verði uppfærð eftir því sem forsendur gefa tilefni til, líkt og áður átti við um þau framlög sem nýtt úthlutunarlíkan tekur við af. Miðað við þær forsendur sem eiga að liggja til grundvallar gæti endanleg skipting framlaga orðið ljós í september 2026.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga á árinu 2026 að fjárhæð 27.893 m.kr. Þá samþykkti nefndin framlög til Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar vegna höfuðstaðavægis, samtals að fjárhæð 281,8 m. kr.

9. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla 2026

Fyrsta áætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2026, sbr. a-liður, 1. mgr. 10. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 16.000.000.000 kr. á árinu 2026. Við bætast leiðréttingar að fjárhæð 60.000.000 m.kr. vegna ársins 2024. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 16.060.000.000 kr. á árinu 2026.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum grunnskólum landsins miðað við september 2025.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2025.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2024 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2026 að fjárhæð 16.060 m.kr.

10. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda 2025

Endanleg framlög

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2025. 981 nemendur standa að baki áætluninni sem tillaga var gerð að, að yrði grundvöllur endanlegra framlaga ársins 2025. Áætlunin gerir ráð fyrir því að greitt verði 3.500 m.kr. til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu en af því renna 2.000 m.kr. til Reykjavíkurborgar vegna samnings um rekstur Klettaskóla. Önnur sveitarfélög fá framlög á grundvelli SIS-C mats nemenda sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu. Ofangreind fjárhæð til Reykjavíkurborgar er samningsbundin og mun því breytast með vísitöluuppfærslu.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2025, samtals að fjárhæð 3.500 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp aftur.

11. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda 2026

Fyrsta áætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2026. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nema um 3.950 m.kr. en af þeirri fjárhæð er áætlað að renni 2.350 m.kr. til Reykjavíkurborgar vegna samnings um rekstur Klettaskóla. Framlögin byggja á SIS-C mati nemenda á grunnskólaaldri í sveitarfélögum landsins að Reykjavíkurborg undanskilinni. Að baki áætluninni eru 843 nemendur samanborið við 981 nemenda í 3. áætlun 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2026, samtals að fjárhæð 3.950 m.kr. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp vorið 2026.

12. Framlög vegna fatlaðs fólks 2026

Drög að reglugerð

Drög að reglugerð lögð fram til kynningar.

Fyrsta áætlun framlaga 2026

Lögð voru fram til umfjöllunar drög að nýrri reglugerð um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk ásamt drögum/sviðsmyndum að 1. áætlun almennra framlaga 2026 á grunni reglugerðadraganna og í takt við ný lög um Jöfnunarsjóð nr. 56/2025. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu við málaflokk fatlaðs fólks sem undirritaður var í janúar 2024 var áskilið að samræmt mat stuðningsþarfa (SIS mat) ætti að vera grundvöllur framlaga sjóðsins. Markmið ákvæðisins var að gæta jafnræðis með því að sami úthlutunargrunnur gildi um alla notendur á framlögum. Í kjölfar samkomulagsins voru gerðar viðeigandi breytingar við lögfestingu nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem gera nú ráð fyrir því að framlögin séu reiknuð á grundvelli samræmds mats á stuðningsþörf á landsvísu. Með breytingunum verður hætt að greiða með notendum á grunni áætlaðs kostnaðar, nema þegar um er að ræða mjög ung börn sem aldurs síns vegna geta ekki fengið SIS mat.

Lagt var fyrir nefndina að meta hvort tilefni væri fyrir aðlögun að nýjum reglum á árinu 2026 og hvort slíkt rúmaðist innan núverandi laga. Naut nefndin liðsinnis lögfræðings ráðuneytisins við umræðuna.

Notendagrunnur þeirrar áætlunar/sviðsmynda sem lögð var fram í drögum er sá sami og notendagrunnur 3. áætlunar framlaga 2025 með áorðnum breytingum á lögheimilisskráningu eins og hún stóð í september 2025 en endanleg lögheimilisskráning að baki áætluninni mun miðast við 1. janúar 2026. Miðað er við að framlögin nemi 42.270 m.kr. á árinu. Þá voru lagðar fram tvær sviðsmyndir áhrifa breytinganna miðað við óbreytta tilhögun. 1) Með aðlögun sem fælist í því að fullorðnir notendur gætu enn fengið framlög á grundvelli áætlaðs kostnaðar á árinu 2026 en þó að hámarki upp að þeirri fjárhæð sem hægt er að fá miðað við hæsta flokk SIS mats og 2) Án aðlögunar.

Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að mæla með samþykkt reglugerðardraganna án aðlögunar á árinu 2026, enda stæði lagatexti ekki til annars. Ráðgjafarnefnd samþykkti 1. áætlun framlaga vegna fatlaðs fólks, án aðlögunar, fyrir árið 2026.

13. NPA framlög – viðbótarframlög af útsvari

Hækkun framlaga til framtíðar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 17. september 2025, um fjármögnun samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk var undirritað af fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra, innviðaráðherra, sem og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 15. desember 2023.

Samkomulagið fól í sér breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í 3. gr. samkomulagsins er fjallað um fjárhagsramma og forsendur hans, en þar kemur fram að fjárhagsrammi verði 1,69% útsvarshlutfall en þar af renni 0,25% beint til sveitarfélaga en 1,44% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Enn fremur renni 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

Á grundvelli áður nefnds samkomulags voru 1.290,7 m.kr. fluttar varanlega frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með fjárlögum ársins 2025. Því til viðbótar voru 650 m.kr., að viðbættum verðlags- og magnbreytingum, lagðar til málaflokksins með hækkun útsvars eins og samkomulagið kveður á um frá upphafi árs 2024. Því þurfi að fastsetja með hvaða hætti reikna á hluta NPA í útsvari til framtíðar.

Lagt er til að ráðgjafarnefnd geri árlega tillögu til ráðherra um fjárhæð framlagsins líkt og fram kemur í samkomulaginu. En þó að lágmarki 650 m.kr. sbr. samkomulag á fjármögnun NPA samninga milli ríkis og sveitarfélaga.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja að gera árlega tillögu til ráðherra um fjárhæð NPA framlagsins.

14. Framtíðarhópur – Þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk

Tillaga um ráðstöfun fjármagns árið 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 18. september 2025, um tillögur um ráðstöfun fjármuna vegna framtíðarhóps ríkis og sveitarfélaga. Framtíðarhópnum er ætlað að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til þess að auka gæði og hagkvæmni. Gert er ráð fyrir árlegri fjármögnun að fjárhæð 200 m.kr. í fjölmörg verkefni.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fresta afgreiðslu málsins. Starfsmanni falið að boða formann framtíðarhóps á næsta fund.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 15:18

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Friðjón Einarsson

Hrund Pétursdóttir

Hörður Hilmarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir